

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Margrétarsjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. janúar 1978. Jafnframt fellur úr gildi staðfesting útgefin 22. júní 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Margrétarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Margrétarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 26. maí 1944 af félögum Zontaklúbbs Reykjavíkur með 6 500 krónum og ber nafn Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus, fyrrum forstöðukonu Málleysingjaskólans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að velferð mál- og heyrnarskertra. Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til hvers þess, er miðar að bættum aðferðum og nýjungum í læknishjálp, kennslu og aðstoð við mál- og heyrnarskerta.

Styrkveitingar skulu miða að því, að mál- og heyrnarskertir geti hlotið menntun sína innan hins almenna skólakerfis og orðið hlutgengir til starfa í þjóðfélaginu til jafns við aðra þegna.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði eða með kaupum á bankavaxta- eða ríkisskuldabréfum.

5. gr.

Vextir og annað, er sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast við höfuðstólinn, uns hann er orðinn að upphæð 10 000 kr. Eftir það má verja $\frac{3}{4}$ af ársvöxtum sjóðsins til styrktar áðurnefndum mál- og heyrnarskertum, en $\frac{1}{4}$ skal leggja við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 20 000 kr. má verja öllum ársvöxtum hans og öðrum tekjum eftir því, sem þurfa þykir, en höfuðstólinn, 20 000 kr. má ekki skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 konur, er Zontaklúbbur Reykjavíkur kýs úr sínum hópi á aðalfundi til eins árs í senn.

Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir af 2 konum, er kosnar skulu með sama hætti.

Sjóðstjórnin veitir styrki og sér um ávöxtun á eignum sjóðsins.

7. gr.

Sjóðstjórnin skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundar- samþykktir, styrkveitingar og annað, er varðar sjóðinn. Enn fremur skal stjórnin halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikningana.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir árlega í Lögbirtingablaðinu.

9. gr.

Óski Zontaklúbbur Reykjavíkur þess síðar að láta af stjórn sjóðsins, skal hann afhentur menntamálaráðherra, er þá skipar stjórn hans, og skal þá jafnan a. m. k. ein kona eiga sæti í stjórn sjóðsins.

10. gr.

Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi Skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus, nr. 106, 22. júní 1960.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ**um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.****1. gr.**

Í kaupstöðum og kauptúnum með 200 íbúa og fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga nr. 6/1977 svo sem hér segir (númer þjóðvegur er tilgreint í sviga, eftir því sem við á):

Vík í Mýrdal:

Suðurlandsvegur (1) frá ristarhliði, norðan gatnamóta upp á Reynisfjall, að söluskála Kaupfélags Vestur-Skaftfellinga. Víkurbraut frá Suðurlandsvegi (1) austan Víkurár að verslunarhúsum VVS.

Hvolsvöllur:

Suðurlandsvegur (1) frá Hvolsgötu að Hlíðarvegi. Fljótshlíðarvegur (261) frá Suðurlandsvegi (1) um Hlíðarveg að læk austan sýslumannsbústaðar.

Hella:

Þrúðvangur frá Suðurlandsvegi (1) norður fyrir hús Kaupfélagsins Þórs.

Vestmannaeyjar:

Skildingavegur frá Bäsaskersbryggju. Heiðarvegur, neðri hluti Strembugötu og Dalvegur að Smáragötu. Strandvegur frá Skildingavegi að Hlíðavegi (Stórhöfðavegi).

Stokkseyri:

Gaulverjabæjarvegur (33) frá Baldurshaga að Kaðalstöðum. Holtsvegur (314) frá Pálsbæ að Gaulverjabæjarvegi (33).

Eyrarbakki:

Álfsstétt frá enda Eyrarbyggavegar (34) við túngötu að Götunni. Gatan frá Álfsstétt að Búðarstíg. Búðarstígur frá Götunni að Einarshafnarvegi. Einarshafnarvegur frá Búðarstíg að bryggju.

Selfoss:

Suðurlandsvegur (1) frá Ölfusárbrú um Austurveg að vegamótum Laugardæla-vegar vestri. Eyrarbyggavegur (34) frá Suðurlandsvegi (1) að Fossheiði.